

Nettímarit

Troðningur

24 tbl. Desember 2011 - ISSN 1670-8776

Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður

Menning & List

Meðal efnis;

Grænlandsdvölin 2011

Þess vegna er jólasveinninn kona !

Art toys for children

**Er siðferðilega rétt að segja börnum sínum
að jólasveinar séu til ?**

Jólasveinar frá ýmsum stöðum.

Vissir þú að...

Njarður Víkingur.

51,5 jákvæðar hugmyndir.

Coca Cola jólasveinninn.

Að brugga sitt eigið vín.

Hvað merkja orðin 'Heims um ból'?



ICELANDIC
ART MAGAZINE

Grænlandsdvölin 2011




Frá 1. desember 2010 til 1. desember 2011 bjó ég í Narsarsuaq í Grænlandi. Ég hafði gert árs samning við hótelið á staðnum og starfaði þar sem matreiðslumaður. Narsarsuaq er nokkuð sunnarlega á Grænlandi, eða á sömu breiddargráðu og Osló. Þegar ég kom þangað fyrst var tiltölulega lítill snjór en frekar kalt. Eða um -16° .

Allt landslag svipar mjög til Íslenskrar náttúru. Fjöllin, gróðurinn og trjáleysið. Snjór í fjöllum, rok og logn og veðrarbrygðin mikil.

Ég fékk litla íbúð með tveimur litlum eldarvélahellum, litlum ísskáp, rúmi, sófa

og eldhúsborði fyrir tvo. Í blokk sem herinn hafði skilið eftir þegar hann fór á sínum tíma. En Reykjanesbær og Narsarsuaq eiga það sameiginlegt að á báðum stöðum var ameríski herin með aðsetur um langt skeið. Aðal munurinn er þó sá að í Narsarsuaq er nánast búið að fjarðlægja allt sem herinn byggði upp á sínum tíma. En þess má geta að þar bjuggu um fimtán þúsund manns þegar mest var hjá hernum. Nú standa aðeins grunnar hér og þar eftir húsin sem þar voru, en enn eru þó gamlar leyfar af bílum og öðru smá drasli hér og þar.

Orðið Narsarsuaq þýðir stóra sléttan og er það réttnefni því Narsarsuaq stendur á



stórri sléttu þar sem löng og falleg á sker hana í miðju. Á þessi nær inn að jökli og liðast niður um alla sléttuna og í hana gengur bæði lax og silungur.

Innst í sléttunni er Blómsturdalurinn sem kallaður er svo. Gríðarlega fallegt svæði með há fjöll allt um kring og fyrir innan rennur jökullinn niður. Gönguferðir þarna inneftir eru vinsælar hjá ferðamönnum sem heimsækja staðinn.

Lítið fer fyrir dýralífi á staðnum en öðruhverju má þó rekast á hvíta héra eða heyra í tófu gagga uppi í fjöllum. Þar er þó gríðarlegur fjöldi af hröfnum þarna allt árið og 12 Hafarnir héldu til þar einnig allt árið. Það er mögnuð sjón að sjá þá svífa um loftin og láta sem ekkert sé þótt hrafarnir geri stanslausar árásir á þá. Ég var svo heppin að sjá með eigin augum klærnar eða



réttara sagt fætur af dauðum ungfugli og þær voru á stærð við höndina á mér. Ég gat þá ímyndað mér stærðina á fullorðnum fugli.

Í Narsarsuaq búa aðeins 158 manns sem flestir tengjast einu fyrirtæki, eða flugvællinum og hótelinu á staðnum. En Narsarsuaq er nú einn af þremur megin flugvöllum á Grænlandi.

Vegalengdir þarna eru allar gríðarlegar. Til að átta sig á stærð Grænlands er ágætt að muna að það er um þrettán sinnum stærra en Ísland, og ef maður tekur Grænland og leggur það yfir Ísland, lætur nyrsta hluta þess nema við norðurland, þá nær Grænland niður í Sahara.

Lítið er um bíla enda vegir ekki á milli staða. Flug og bátar eru aðal samgöngutækin. Bátur er ígildi bíls hjá Grænlandingum. Nánast allir Grænlandingar eiga bát. Þannig fara þeir á milli staða eða í helgártúrana sína svona rétt eins og við þegar við skreppum á bílum okkar.

Grænlandsvölin 2011

Þegar vora tekur fyllist fjörðurinn af ísjökum og er þá eins gott að fara varðlega um fjörðinn á bátum. Lítið brot úr ísjaka sem siglt er á á smá ferð getur hreinlega skorið bátinn í sundur.

Það var stundum aðdáunarvert að sjá hversu flinkir Grænlandingar eru að sigla á milli jakanna. Mér var tjáð af Íslenskum þyrluflugmanni sem hefur unnið á björgunarþyrlu í meir en fimmtán ár, á austur Grænlandi, að almennt séu Grænlandingar með ótrúlega góða sjón og sjái mun lengra og betur en aðrir.

Ég hafði keypt mér nokkurskonar kayak frá Bandaríkjunum úr gúmmíi. Kayak þessi er tvöfaldur og hægt að róa honum eins og venjulegum kajak en hann er líka með segl og hægt að nota 2,5 hestafla mótör einnig. Yfir sumartímann eyddi ég nánast öllum mínum frítímum á kayaknum mínum. Sigldi eitt sinn á höndunum stanslaust í fjórtán tíma og náði að róa hálfu leið til Narsaq, sem er næsti bær. Ég fór óteljandi ferði á þessu frábæra fleyi mínu með kúlutjaldið mitt og nesti. Tjaldaði hér og þar og naut þess að vera aleinn úti í náttúrunni. En svakalega var samt kallt á nóttinni í tjaldinu.



Yfir sumartíman er gríðarlegt magn af moskídó flugum í Narsarsuaq. Þær eru árasargjarnar og stinga hvern sem ekki er varinn fyrir þeim. Þetta er kallaður “vinkutíminn” en þá eru allir að berja höndunum til að slá þær frá sér, svona eins og verið sé að vinka til næsta manns. Flugnanet eru allir með um höfuðið, ef ekki fer illa fyrir andlitinu. Það magnaða er að hinumegin í



firðinum er ekkert af þessum kvikindum og helgast það víst af því að þar er sauðfé, en moskídó þolir víst ekki hlandið úr kindum. Það var því mikil uppgötvun þegar ég setti á mig lopahúfuna mína og sá að þær komu ekki nálægt mér eftir það.

Þó svo að megnið af frítímanum færi í að sigla kayaknum var listþörfinn ætíð til staðar og varla leið sá dagur að ég gerði ekki eitthvað til að fullnægja þessari áleitnu þörf sem býr með manni.

Ég hélt eitt sinn sýningu þarna á staðnum, bauð öllum þeim 158 sem þarna bjuggu á sýninguna. En þetta var í fyrsta sinn sem haldin var myndlistasýning í Narsarsuaq. Þarna sýndi ég tréverk sem ég hafði unnið úr spreki og ýmsum mannana hlutum sem á vegi mínum urðu. Þessir hlutir sögðu mér sögur af því sem hér hafði gerst áður og tengdust m.a. hersetunni sem hér var.






Grænlandsvölin 2011



Öll verkin eru bundin saman með spottum og vildi ég gera það þar sem gömul hefð er t.d fyrir kayaksmíði, þar sem eingöngu eru notaðir skinnspottar við samsetninguna á þeim.

Ég var einnig fengin til að mála verk á stóran gaffl á húsi einu. Var það gert í tilefni þess að Narsarsuaq átti 75 ára afmæli þetta árið. Ég lá svolítið yfir þessu, skissaði mikið og lagði ýmsar spurningar fyrir mig áður en ég hófst handa. Ég ákvað að leita í smiðju Lenardós með síðustu kvöldmáltíðina. Nema að ég snéri verkinu í raun við. Í stað þess að horfa inn í byggingu og á borðhaldið eins og í verki hans er, ákvað ég að horfa út í náttúruna. Enda það elimennt sterkast í Grænlandi, þ.a.e.s náttúran sjálf. Verkið mitt gengur út á að 13 Grænlandingar eru við ísborð með veiðifeng sinn. Ég ákvað að hafa engin vopn sýnileg, aðeins helstu dýr sem þeir leggja sér til munns. Hval, rostung, sel, náhval, hval, rjúpu og fisk. Einnig er útúrdúr í verkinu, eða falið símból. En í verkinu er ein kona, ólétt. En við fyrstu sýn taka fæstir eftir því. Ég vildi hafa það þannig til að leggja áherslu á að lífið heldur áfram þótt allt sé dauðlegt sem í kringum okkur er.



Ég fékk karlmenn, Grænlandinga, á staðnum til að vera fyrirmyndir í “postulunum”.

Einnig var ég fenginn til að mála mynd á vegg við andyri félagsheimilissins. En þar málaði ég mynd af veiðimannafjölskyldu.

Einhven veginn varð tíminn þarna óþrjótandi því samhliða þessu náði ég að skrifa þrjú handrit að kvikmyndum, tvær barnasögur og eitt leikrit eða söngleik. Einnig gerði ég fjöldan allan af mynjagripum sem allir seldust upp. Ég málaði á litla kúlusteina andlit og gerði skip og blóm úr kræklingaskeljum.

Ég teiknaði einnig mikið af myndum mér til gamans sem og vatnslitaði í stað þess að taka ljósmyndir.





Þess vegna er jólasveinninn kona !



Margir eru þeirrar skoðunnar að jólasveinninn geti ekki verið karlmaður ? Heldur hljóti hann / hún að vera kona. Mörg sannfærandi rök eru færð fyrir þessu og skrifaðar eru lærðar greinar af mörgum sem málið vilja láta sig varða.



Gerð hefur verið óformleg könnun hjá karlmönnum þar sem stuðst er við myndir af jólasveinum af báðum kynjum og spurt, “Hvort viltu að jólasveinninn sé karl eða kona” ? Stuðst er

við myndir eins og hér eru sýndar ! Í nánast 100% tilfella svara karlmennt og benda á ljósmyndina af konunni í jólasveinabúningnum í stað karlsins. Ég hef því velt því fyrir mér hverjum og afhverju lét sá eða sú sem fann upp jólasveinninn, “hann” vera karlmann, feitan með úfið og hvítt skegg ? Greinilega farin að förla sjón því oftast er hann með hringlaga gleraugu og segir “ hó hó hó “ í stað “halló halló halló“. Hann angar oft af koniakslykt og slangrar um, og í fæstum tilfellum kann

hann textan við lagið sem hann raular fyrir börnin.

Til eru að vísu margar útgáfur að jólasveininum allt frá því að vera íslenskur og luralægur, í það að vera eins og Spænskur dyravörður með svart sitt skegg og vinnur á finu hóteli með stóran staf sem hann



stappar niður um leið og gestir ganga inn á hótelið. Í engum þessara tilfella er kona höfð sem jólasveinn. Allir eru þeir mjög svipaðar steríó típur eins og áður er getið. Eina sem getur verið

sannfærandi í rökum og mælir með að hann sé karlmaður, en það er þetta nætur rambið á honum, þar sem hann gæist á glugga og jafnvel þröngvar sér niður skosteina til að komast inn hjá blá saklausu fólki. Konum mundi aldrei detta önnur eins vitleysa í hug. Þær eru praktískari en það og hugvitsamari.

Svo er það með Hreindýrið og rauða nefið ! Hverjum öðrum en karlmönnum dytti í hug að ferðast um loftin blá í sleða sem er bundin við fjögur eða sex Hreindýr sem geta flogið um án

vængja ? Það er alveg ljóst að í sokk þess manns / konu sem lét sér það detta í hug, hefur verið eitthvað annað en epli eða súkkulaði ?

Hér eru nokkur rök sem færð eru fyrir því að jólasveinninn getur ekki verið karlmaður;

1. Karlmennt geta ekki pakkað almennilega inn gjöfum.
2. Karlmennt mundu frekar detta niður dauðir en að klæðast rauðum fötum.
3. Karlmennt eru yfirleitt svo spéhræddir að þeir mundu aldrei láta sjá sig með rauðan kynnalit og hvíta hanska á almanafæri.
4. Karlmennt svara venjulega ekki bréfum sem þeim berast.
5. Karlmaður sem heilsar með því að segja “ Hó hó hó “ veit að hann á ekki séns á að komast á séns.
6. Sagt er að jólasveinninn komi alltaf á sama tíma til byggða. Það mundu karlmennt aldrei gera.

Guðmundur R Lúðvíksson.



Coca Cola jólasveinninn.



Jólasveinar frá ýmsum löndum.



Íslenskir



Miðausturlönd




Kórea



Spænskur



Afrika



Grænlenstur



Franskir




Moldovia



Kínverskur



Rússnenskur



Hollenskur



Ástralskur

Verkið "ART TOYS"

eftir; G R Ludviksson



Íslensku jólasveinarnir eiga sér rætur í íslenskum þjóðsögum og eru því af allt öðrum uppruna en Santa Claus. Þeirra var fyrst getið í Grýlukvæði frá 17. öld sem eignað er séra Stefáni



© 1999 Ólafur Pétursson

Ólafssyni í Vallanesi. Þar eru þeir sagðir börn Grýlu og Leppalúða:

Börnin eiga þau bæði saman brjósthörð og þrá. Af þeim eru jólasveinar börn þekktja þá.

Af þeim eru jólasveinar jötnar á hæð.

Öll er þessi illskupjóðin ungbörnum skæð.

Eins og sést af kvæðinu voru jólasveinar og þeirra ætt talin illskeytt og eflaust notuð til að hræða börn til hlýðni.

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar (1862) koma fyrst fyrir nöfn jólasveinanna 13 sem nú er

þekktastir. Ekki fór miklum sögum af þeim fyrr en Jóhannes úr Kötlum samdi kvæði um þá sveina „...sem brugðu sér hér forðum á bæina heim“ og Tryggvi Magnússon myndskreytti árið 1932. Um sama leyti fóru þeir að koma fram í jólabarnatíma útvarpsins. Í vísu Jóhannesar er jólasveinum lýst sem undarlegum og jafnvel hættulegum hrekkjalómum. Með árunum urðu þeir samt sífellt elskulegri og svo fór að þeir fóru að gefa börnum í skó í glugga. Þessi siður barst með sjómönnum sem sigldu á Norðursjávarhafnir fyrir 1930, en varð ekki almennur fyrr en um 1960 og þá í mjög afbakaðri mynd frá hinni upprunalegu. Smám saman tókst með aðstoð

Þjóðminjasafnsins og útvarpsins að koma nokkurri reglu á þennan sið.

Til eru heimildir um allt að 80 nöfn ýmissa jólasveina og -meyja (sjá Sögu daganna, 1993, bls. 344). Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar (1958) eru meðal annars þessi nöfn nefnd:

Tífall og Tútur,
Baggi og Hnútur,
Rauður og Redda,
Steingrímur og Sledda,
sjálfur Bjálfinn og Bjálfans barnið,
Bitahængir, Froðusleikir,
Gluggagægir og Syrjusleikir.

Jólasveinarnir eru af tröllakyni og foreldrar þeirra eru Grýla og Leppalúði. Leppalúði sést hér

halda á jólakettinum. Grýla var sögð éta óþekkt börn, og jólakötturinn átti að hremma börn sem ekki fengu nýja flík fyrir jólin. Enn er sagt að fólk fái ný jólaföt svo það fari ekki í jólaköttinn.

12. desember byrja gömlu jólasveinarnir að koma til byggða. Sá fyrsti heitir Stekkjarstaur og hér áður fyrr reyndi hann oft að sjúga ærnar í fjárhúsum bænda.

13. desember kemur Giljagaur. Áður en mjaltavélar komu til sögu var hann vanur að laumast inn í fjós og stela froðu ofan af mjólkurfötum.

Jólasveinninn sem kemur til byggða 14. desember heitir Stúfur og er heldur lágur til hnésins. Hann var líka kallaður Pönnuskefill, því hann reyndi að hnupla matarögnum af steikarpönnunni.

15. desember kemur Þvörusleikir ofan af fjöllum. Hann stalst til þess að sleikja þvöruna, sem potturinn var skafinn með.

16. desember má búast við Pottasleiki í heimsókn, einnig kallaður Pottaskefill. Hann sat um að komast í matarpotta, sem ekki var búið að þvo, til að sleikja innan úr þeim skófirnar. Askasleikir kemur 17.

desember. Hann faldi sig undir rúmi og ef fólk setti ask á gólfíð þá greip hann askinn og sleikti allt innan úr honum.

Hurðaskellir kemur til húsa 18. desember. Hann gengur skelfing harkalega um og skellir hurðum svo fólk hefur varla svefnfrið.

19. desember er von á jólasveini sem heitir Skyrgámur eða

Skyrjarmur. Honum þótti skyr svo gott að hann stalst inn í búið og hámaði í sig skyrið upp



úr keraldí. Bjúgnakræki má búast við 20.

desember. Honum þótti best að éta bjúgu og

pylsur og stal þeim hvar sem hann komst í færi.

21. desember kemur hann Gluggagægir í heimsókn. Hann var ekki eins matgráðugur og sumir bræður hans, en skelfing forvitinn að gægjast á glugga og jafnvel að stela leikföngum sem honum leist vel á.

22. desember má búast við Gáttapef. Hann er með stórt nef og finnst óskaplega góð laufabrauðs- og kökulyktin þegar verið er að baka fyrir jólin. Af og til hefur hann líka reynt að hnupla einni og einni köku. Þess má geta að 22. desember var stundum kallaður hlakkandi því þá voru börnin farin að hlakka svo mikið til jólanna.

Á Þorláksmessu, 23. desember, kemur Ketkrókur, sem er svo sólginn í ket. Í gamla daga rak hann langan krókstaf niður um eldhússtropinn og krækti sér í hangiketslæri sem héngu uppi í rjáfrinu eða hangiketsbita upp úr pottinum, en þá var hangiketið soðið á Þorláksmessu.

Kertasníkir kemur á aðfangadag, 24. desember. Í eldgamla daga voru kertin skærustu ljós sem fólk gat fengið. En þau voru svo sjaldgæf og dýrmæt að mesta gleði barnanna á jölunum var að fá sitt eigið kerti. Og aumingja Kertasníki langaði líka að eignast kerti. Stundum át hann kertin því þau voru úr

tólg og hét þá Kertasleikir.

Hvað merkja orðin ‘Heims um ból’?

Svar

Heims um ból helg eru jól Svona hefst þýðing Sveinbjarnar Egilssonar á einum þekktasta jólasálmí heims. Upphaflegi sálmurinn ‘Stille Nacht’ er eftir Austurríkismanninn Josef Mohr (1792-1848). Orðaröðin er ungum lesendum líklega framandi og jafnvel merking einstakra orða.

Hér merkir ‘ból’ byggð eða annað aðsetur manna, samanber orðalagið ‘hvergi á byggðu bóli’. ‘Heims um ból’ mætti því útleggja sem ‘í hverri byggð heimsins’ eða ‘um allan heim’. Merking línunnar í heild sinni er því á þennan veg: Helg jól eru nú haldin um heim allan.

Pæling eftir

Eyju Margréti Brynjarsdóttur

Spurning

Er siðferðilega rétt að segja börnum sínum að jólasveinar séu til? Spyrjandi

Þorsteinn Kolbeinsson

Svar

Upphafleg spurning var á þessa leið: “Er siðferðilega/uppeldisfræðilega rétt af foreldrum að ljúga að börnum sínum að jólasveinninn sé til?” Sumir vilja meina að foreldrar séu ekki að “ljúga” eða “segja ósatt” þegar þeir segja börnum sínum að jólasveinar séu til vegna þess að jólasveinar séu til í hugum okkar eða eitthvað slíkt. Þetta má kannski kalla útúrsnúning.

Yfirleitt reyna foreldrar að telja börnunum trú um að jólasveinarnir séu ekki bara til í hugum þeirra eða annarra heldur til í sama áþreifanlega skilningnum og stólar og borð, ryksugur og venjulegt fólk. Sögunni fylgir yfirleitt að það séu jólasveinarnir sem setji áþreifanlega hluti í skó barnanna og að sjálfsgöðu hlýtur það að flokkast undir blekkingu af einhverju tagi. Spurningin er þá hvort þessi blekking er réttlæt看anleg eða ekki.

Líklega eru flestir sammála um að stundum geti verið rétt að segja börnum ósatt. Þetta gildir til dæmis þegar við viljum hlífa þeim við hlutum sem þau hafa ekki þroska til að skilja og mundu valda þeim hugarangri. Við segjum ekki litlum börnum af ofbeldisverkum og við hagræðum sannleikanum ef þau biðja um skýringar á hrottaskap sem þau sjá óvart myndir af í sjónvarpsfréttum. Auk þess telja flestir að rétt geti verið að segja ósatt ef eitthvað sem hefur meira vægi er í húfi, til dæmis mannlíf. Flest erum við sammála um að manneskja sem lýgur að hættulegum morðingja í því skyni að bjarga mannlífum sé að gera eitthvað sem er ekki aðeins réttlæt看anlegt heldur jafnvel aðdáu-narvert.

En þótt hægt sé að tína til svona dæmi um ósannindi sem eru siðferðilega verjandi segir það okkur lítið um þetta tiltekna dæmi um jólasveinana. Foreldrar eru ekki að segja börnum sínum af jólasveinum í þeim tilgangi að þyrma lífi einhvers eða til að forða börnum frá vitneskju um ljóta og vonda hluti. Það þarf því að skoða dæmið sérstaklega. frh...

Amma er best



Geir Ólafsson
og Furstarnir

NÝ BARNAPLATA ER KOMIN ÚT!

Hér sýnir Geir Ólafsson á sér algjörlega nýja hlið og flytur ný 11 bráðskemmtileg barnalög og texta eftir Guðmund R Lúðvíksson með aðstoð frábærra tónlistarmanna.

Þessi plata er ómissandi á hvert heimili og verður sungin á öllum leikskólum næstu árin.

Textabók fylgir hverjum disk ásamt 4 lögum þar sem undirspilið er án söngs og krakkarnir geta sjálfir sungið með - fyrir ömmu og afa, frænkur og frænda eða...!

Kíktu í næstu plötuverslun og tryggðu þér eintak.

Dreifing:

ZONET - SÍMI 568 0008 - WWW.ZONET.IS

Er siðferðilega rétt að segja börnum sínum að jólasveinar séu til ?

Við getum líka litið á dæmi um ósannindi sem eru augljóslega siðferðilega röng. Þar má nefna lygar sem beitt er í því skyni að hagnast á kostnað annarra, notfæra sér trúgirnri fólks til að gera því grikk, til að komast upp með að gera eitthvað rangt eða til að forðast það sem okkur finnst óþægilegt. Nú má spyrja hvort það að segja börnum að jólasveinar séu til og setji gjafir í skóinn þeirra falli í einhvern af þessum flokkum. Að öllum líkindum er tilgangur foreldra ekki sá að gera börnunum nokkuð illt með ósannindunum. Í sumum tilfellum eru börn hrædd við jólasveina en foreldrarnir þráast við að halda því fram að þessir skrýtnu karlar læðist inn í herbergið þeirra á hverri nóttu og þarna má kannski fara að efast um velvild foreldranna. Einnig hefur fólk látið þau orð falla að það sé “svo sætt” þegar krakkarnir trú á jólasveina og svo má nefna þá sem líta á jólasveinatrúna sem leið til að halda krökkunum þægum fyrir jólin og þar má spyrja hvort þetta sé kannski meira gert fyrir fullorðna fólkið en börnin. Hér verða foreldrar þó látnir njóta vafans og við gefum okkur að tilgangur ósannindanna sé að gleðja börnin.

Við getum þá spurt: er siðferðilega rétt að segja einhverjum ósatt ef það er honum til góðs? Hér verður spurningunni ekki svarað heldur er henni vísað til lesandans.

Sumir mundu svo vilja staldra við og halda því fram að þessi tilteknu ósannindi um tilvist jólasveina séu ekki börnum til góðs. Þá erum við kannski komin út í uppeldisfræðilegu hliðina á málinu. Sumir telja til dæmis slæmt að skilyrðistengja gjafir en margir segja einmitt börnunum að þau fái fallegar gjafir í skóinn ef þau eru þæg en kartöflu ef þau eru óþekk. Þetta getur valdið sektarkennd hjá börnum efnalítilla foreldra þegar þau fara að bera sig saman við krakkana sem fá alltaf finni og dýrari gjafir í skóinn. Þau geta ályktað sem svo að ástæða mismununarinnar sé að þau séu ekki nógu þæg. Jafnframt er það í ósamræmi við alvöru lífsins að fólk eignist alltaf nákvæmlega það sem það á skilið og getur valdið ýmsum vandræðum að koma slíkum ranghugmyndum inn hjá börnum. Þetta geta foreldrar kannski komið í veg fyrir með því að

tengja ekki skógjafir við hegðun og einfaldlega sagt börnunum að allir krakkar fái í skóinn, óháð hegðun. Það er þó ekki fullkomin lausn á þeim vanda sem getur skapast þegar börnin fara að bera sig saman um það hvað þau fái í skóinn.

Börnin munu auðvitað einhvern tíma komast að hinu sanna um jólasveinana og því er rétt að huga að því hver viðbrögð þeirra geta orðið. Samkvæmt óformlegri könnun undirritaðrar meðal vina og vandamanna er niðurstaðan sú að flestum börnum þyki það ekkert tiltökumál að foreldrar þeirra hafi blekkt þau í þessum efnum og líti það jákvæðum augum. Hinu má þó ekki gleyma að ákveðinn hópur barna verður ákaflega sár út í foreldra sína þegar þau komast að hinu sanna og líta á blekkinguna sem alvarlegan trúnaðarrest. Til dæmis má nefna konu um fertugt sem er enn sár út í foreldra sína og telur blekkinguna um jólasveinana hafa staðið sér fyrir þrifum við að tileinka sér gagnrýna hugsun. Rétt er því að muna að ekki eru öll börn eins og ekki við því að búast að öllum henti það sama. Foreldrar verða að reyna að þekkja sín börn í þessum efnum sem öðrum. Auk þess aðhyllist fólk mismunandi stefnur í uppeldismálum og ófær vegur að vega og meta uppeldislegt gildi jólasveinatrúar án langrar og mikillar greiningar á uppeldisfræðikenninum.

Athygli skal vakin á því að ýmsar leiðir hafa verið farnar í sambandi við jólasveinana. Sumir foreldrar eru frá upphafi hreinskilnir um að um leik er að ræða og virðast börn þeirra skemmta sér alveg jafn vel og önnur yfir jólum og jólasveinum. Aðrir foreldrar setja mörkin við það sem mundi flokkast sem hrein lygi. Þannig tala þeir um jólasveinana og að þeir setji í skóinn en þegar (og ef) að því kemur að barnið spyr “Eru það í alvörunni jólasveinar sem setja í skóinn?” kemur ekki annað til greina en segja satt. Enn aðrir útfæra hlutina svo á enn annan veg og draga mörkin annars staðar.

Spyrjandi veltir því líka fyrir sér hvort á öllum fullorðnum hvíli einhvers konar samfélagsleg skylda um að taka þátt í jólasveinasamsærinu. Hann bendir á fréttir frá Bandaríkjunum og Bretlandi um kennara og prest sem vöktu reiði foreldra með því að segja börnum satt um tilvist

Vissir þú að...

jólasveinsins. Þarna má auðvitað benda á að afskiptasemi á sér takmörk. Þótt rétt sé að skipta sér af ef fólk misþyrmir börnum sínum eða fer illa með þau á einhvern hátt teljum við yfirleitt ekki ástæðu til að skipta okkur af í hvert sinn sem við erum ekki sammála einhverju smáatriði í uppeldisaðferðum annarra. Þótt einhver telji það siðferðilega og/eða uppeldisfræðilega rangt að telja börnum trú um tilvist jólasveina er ekki þar með sagt að viðkomandi eigi að skipta sér af því sem aðrir gera í þeim efnum.

Aðstæður geta þó flækt málið. Er okkur til dæmis skylt að svara játandi ef annarra manna barn spyr hvort jólasveinar eru til í alvörunni? Stundum er kannski hægt að leysa málið með því að eyða talinu en eins og við öll vitum geta börn verið miklir þrákálfar. Og hvað ef við vitum ekki hverjar óskir foreldranna eru og hvað þeir hafa sagt barninu? Hvað gerum við ef við erum með hóp af börnum og vitum að sum þeirra trúa á jólasveina og önnur ekki? Viljum við að börnin sem trúa ekki á jólasveina standi okkur að því að fara með ósannindi? Hér eins og annars staðar er hinn gullni meðalvegur vandrataður og fátt annað að gera en höfða til dómgreindar hvers og eins. En líklega verða foreldrar að hafa það í huga að ef þeir búa í samfélagi við annað fólk sem hefur mismunandi skoðanir á hlutunum hafa þeir ekki fulla stjórn á því hvaða upplýsingar börnum þeirra eru veittar.

Tilvísun

Eyja Margrét Brynjarsdóttir. „Er siðferðilega rétt að segja börnum sínum að jólasveinar séu til?“. Vísindavefurinn 9.1.2003. <http://visindavefur.is/?id=2992>. (Skoðað 11.12.2011).

Höfundur

Eyja Margrét Brynjarsdóttir
nýdكتور við Heimspekistofnun HÍ

*Fiðrildi geta bragðað með fótunum.

*Kvak andar bergmálar ekki og enginn veit hvers vegna.

*Á tíu mínútum leysir fellibylur meiri orku en er öllum kjarnorkuvopnum í heiminum samanlagt.

*Að meðaltali kafna 100 manns á kúlupennum árlega.

*Að meðaltali er fólk hræddara við köngulær en dauðan.

*35% af fólki sem notar persónuaglýsingar í dagblöðum fyrir stefnumót eru gift.

*Fílar eru einu dýrin sem geta ekki hoppað.

*Aðeins 1 af hverjum 2 milljörðum munu lifa til 116 ára aldurs.

*Það er mögulegt að leiða kýr upp stiga en ekki niður.

*Konur blikka augunum næstum tvöfalt oftar en karlar.

*Það er líkamlega ómögulegt að sleikja olnboðan á sjálfum sér.

*Snigill getur sofið í 3 ár.

*Ekkert orð í ensku rímar við “month”.

*Augun á okkur eru alltaf jafn stór frá fæðingu, en nefið og eyrun hætta aldrei að vaxa.

*Allir snjóbirnir eru örvhentir.

*Forn-egyptskir prestar plokkuðu ÖLL hár af líkamanum, líka augnbrúnirnar og augnhárin.

*Augun í strútum eru stærri en heilinn í þeim.

51,5 jákvæð og uppörvandi atriði

Þú jákvæðar og skapandi hugmyndir !

Eftir: Guðmund R Lúðvíksson

1. Kenndu öðrum það sem þú kannt eða veist 100%..
2. Veldu fimm jákvæða hluti á hverjum degi til að tala um eða hugsa um.
3. Búðu til þitt eigið kort af þeim stað þar sem þú býrð og sendu það með kveðju til allra helstu vina þinna og fjölskyldu, með kveðju og von um að þú sjáir þau sem fyrst.
4. Lærðu eitthvað algjörlega nýtt sem þér hefur alls ekki dottið í hug að gera áður; T.d á saumavél, að tengja nýtt ljós í stofuna, að sigla seglskipi, heimilisbókhald, garðrækt, nudd, teikningu eða.....
5. Ef þú heldur að þú getir ekki gert neitt sem er listrænt er gott að vita það að það eru margir listamenn þarna úti sem ekkert vit hafa á markaði eða peningum. Ég þekki t.d einn sem átti flotta hugmynd að jólakorti. Hann leitaði til vinar sins sem er viðskiptafræðingur. Saman gerðu þeir frábæra hluti og seldu vel af jólakortum.
6. Kenndu öðru fólki eitthvað sem þú hefur kennt sjálfum þér að gera. Prufaðu að skrifa það niður eins og um kennslubók væri að ræða og fáðu einhvern til að lesa það yfir og gagnrýna. Hugsanlega ertu komin með efni sem þú getur selt á sanngjörnu verði t.d í gegnum netið, heimasíðuna þína eða facebook !
7. Keyptu hluti sem kosta lítið, gerðu þá upp og seldu þá aftur á sanngjörnu verði. Ekki “græða” á 100 fyrstu hlutunum. Láttu ánægjuna og höfuðstólinn verða þinn gróða í fyrstu.
8. Reyndu að velja allar gjafir sem þú gefur á árinu frá fólki sem þú þekkir sjálfur.
9. Segðu fjölskyldu þinni og vinum, að ef þau ætli að gefa þér gjöf viljir þú helst fá gjafir sem fólk verslar af þeirra eigin heimafélki.
10. Taktu alla hvítu og einlitu T- bolina þína og hannaðu myndir, texta eða merki á þá til að minna þig á hve lífið er dásamlegt.
11. Bjóddu vinum þínum sem koma í heimsókn að fara í stutta leiðsögn um bæinn þinn – á safn eða einhvern áhugaverðan stað sem þér finnst.
12. Hafðu auga með eignum nágranna þíns og láttu hann vita að þú gerir það af mestu ánægju.
13. Búðu sjálfur/sjálf til öll jólakortin í ár.
14. Búðu til lítið plan yfir hluti sem þig langar að laga eða gera heima hjá þér. Lagðu eða gerðu svo einn hlut á hverjum degi. Gerðu svona plan einu sinni í mánuði.
15. Ef það er einhver hlutur sem þú þarft að laga eða gera en treystir þér ekki til, leitaðu þá til vina þinna og bjóddu fram vinnuskipti í staðin.
16. Prufaðu að gera eina handgerða gjöf handa maka þínum eða foreldrum. Sjáðu hvað gerist – komdu sjálfu þér líka þannig á óvart.
17. Búðu til þína eigin sultu, eða pesto. Farðu inn á netið til að ná þér í uppskrift og endurbættu hana á þinn hátt.
18. Heimsóttu vini þína á skipulagðan hátt á einum mánuði og bjóddu þeim aðstoð við eitthvað verk – skipta um perur – losa loft úr ofnum – aðstoð við viðgerð á bílnum – moka snjó frá útihurðinni eða...
19. Finndu þér viðarbút og brenndu nafnið þitt og fjölskyldu þinnar á hann og hengdu upp við útihurðina.
20. Farðu í draslakúffuna og veldu einhvern hlut sem þér finnst fallegur eða gæti hent í hálsmen, eða skartgrip.
21. Bjóddu einhverju fyrirtæki þjónustu þína við að taka til í kring um það eða á lager þess. Bjóddu þeim sanngjarnt verð fyrir þjónustuna og sannaðu fyrir þeim að þú ert frábær starfsmaður.
22. Kveiktu á farsímanum þínum kl. 09.00 fh og slökktu á honum kl. 16.00. Láttu helstu vini þína vita af þessari ákvörðun þinni.
23. Ef þú þekkir einhvern sem er betri en þú á tölvur, spurðu viðkomandi hvort hann/hún sé tilbúinn að kenna þér nokkra einfalda hluti á tölvuna sem þú unnir ekki áður.
24. Hafðu samband við fyrirtæki sem framleiða t.d matvæli og bjóddu þeim starfskrafta þína á annatímum – pásku, jólum verslunarmannahelgi ofl..
25. Láttu nágranna þinn vita að hann megji banka upp hjá þér hvenær sem er ef hann vantar aðstoð.
26. Bjóddu nágrannanum sem á hund, að gæta hans fyrir lága en sanngjarna greiðslu ef hann þurfi á því að halda. Vittu, þú eignast algjörlega nýjan og traustan vin !
27. Skrifaðu smásögu og lestu hana upp svo aðrir heyra. Taktu gagnrýni á jákvæðan hátt og tilsögn.
28. Taktu til í bókaskápnnum þínum. Bækur sem þú hefur ekki litið við eða lesið síðustu 2-3 ár, taktu þær og seldu t.d í kolaportinu.
29. Búðu til nafnspjald þar sem fram kemur að þú sért tilbúinn að hirða garðana, mála grindverkið, gæta kattarins og /eða hús nágranna þinna næst þegar þeir fari í sumarfrí.
30. Lærðu að brugga þitt eigið rauðvín eða hvítvín.
31. Taktu til í bílskúrnum og sorteraðu allt frá sem



þú hefur ekki notað í langan tíma. Bókaðu sölubás í næsta kolaporti og seldu hlutina á sanngjörnu verði. Gróðinn er ánægja að hitta nýtt fólk og aurinn sem þú færð fyrir hlutina – sem þú notaðir ekki í langan tíma.

32. Taktu líka til í fataskápnnum og gerðu það sama og í nr. 31.

33. Stofnaðu spilaklúbb með félögunum þínum. Hittist tvisvar í mánuði og spilið saman. Hafðu lítið þátttökugjald sem að hluta fer í vinning og veitingar en haltu eftir ca. 10% til að gera eitthvað enn skemtilegra einu sinni á ári fyrir spilafélagana.

34. Byrjaðu strax á að skipuleggja grænmetisgarðinn þinn og ákveða hvað þú ætlar að rækta í honum næsta sumar. Fáðu alla fjölskylduna með. Skipuleggið líka einn dag þar sem grillað verður og skemmt sér við grænmetisgarðinn.

35. Ef þú hefur aðstöðu, settu þá niður t.d í mjólkurfernur sumarblóm og bjóddu þau til sölu næsta vor í götunni þinni.

36. Líttu á allt sem þú kaupir og ákveður að eyða peningum í sem fjárfestingu.

37. Notaðu facebook síðuna þína á uppbyggilegan hátt og jákvæðan. Láttu alla vita hvað þér finnst dásamlegt að vera til og að þér þykji vænt um vini þína.

38. Láttu bílinn þinn eiga sig ef þú þarft aðeins að ganga innan við 30 mínútur í næstu verslun / sjoppu.

39. Ef nágrenni þinn er t.d eldri kona eða eldri maður, einstæð móðir án bífreidar, og þú átt leið út í verslun, bjóddu þeim að versla fyrir þau.

40. Safnaðu öllum plastpokum saman á einn stað. Það kemur sér vel seinna.

41. Ræktaðu falleg stofublóm heima hjá þér og bjóddu þau vinum og vandamönnum til kaups þegar þau/þeir eru í heimsókn hjá þér.

42. Búðu til jólastkrautið á jólatréð sjálfur/sjálf með fjölskyldunni þinni.

43. Hrósaðu fréttablaðinu sem gefið er út í þinni

heimabyggð fyrir flotta þjónustu við þig. Þú skalt beina viðskiptum þínum sem allra mest til þeirra sem auglýsa vörur þar, þér til þjónustu. Gleymdu því ekki að fyrirtækin, verslanirnar í bænum þínum vilja þér allra best.

44. Skipulagðu sumarfríð þitt / ykkar vandlega (þú hefur heilt ár til þess), leggðu fyrir 5% af t.d laununum þínum sérstaklega eyrnarmerkt “Sumarfrí “.

45. Haltu öðru hverju veglegt party fyrir börnin þín. Blöðrur, sögur og skraut eru vel þegin. Æfðu eitt lag og syngdu það börnunum til skemtunar. Það er allt í lagi að vera svo lítið asnalegur fyrir framan bestu vini sína – mundu það.

46. Ef þú átt erlendan vin sem kemur og heimsækir þig. Bjóddu honum að ganga berlappaður á íslenskum mosa og síðan að fara í heita sturtu og lykta af íslensku heitu vatni. Hann gleymir því aldrey.

47. Horfðu á enska boltan með vinum og bjóddu þeim upp á heimabruggaðan bjór ef “þitt lið “ vinnur leikinn.

48. Ekki henda neinum húsgögnum eða nytjahlutum í Sorpu, fyrr en þú hefur gengið í skugga um það að engine vilji eiga hlutinn/hlutina sem þú ætlar að henda.

49. Athugaðu hvort nágrennar þínir séu ekki sammála því að setja húsgögn eða aðra nytjahluti út á götu fyrst, þar sem hver og einn getur gengið í þá og tekið, áður en sorphyrðan tekur þá.

50. Taktu til CD diska sem þú hefur ekki lengur not fyrir eða áhuga á og seldu þá í næsta Kolaporti.

51. Reyndu að kynnast heimalistamönnum og gerðu bestu kaupin þannig til að eignast listaverk fyrir lítin pening. Kanski verða þau verðmæti seinna fyrir þig eða börnin þín.

51,5. Hengdu þessi heilræði upp á vegg þar sem þú sérð þau á hverjum degi og merktu við í hvert sinn sem þú klárar eitthvert atriði.

Troðningur kíkta inn á heimasíðu Ámunnar til að skoða og kanna hvað þyrfti til að gera sitt eigið vín: Þeir sem vilja skoða frekar geta heimsótt slóðina: <http://www.aman.is/>

Áhöld og efni til léttvínsgerðar.

Gerjunarfata 30 lítra

Þessi fata er úr matvælaplasti sem gefur ekki frá sér bragð út í vínið.

Gerjunarkútur úr gleri 23 lítra

Þessi kútur er ætlaður fyrir lokastig gerjunar, fellingar og geymslu að lokinni gerjun. Við mælum með að glerkúturinn sé notaður vegna þess að í honum er minna loftrými og vínið þroskast mun betur.

Sykurflotvog

Ef velja ætti eitt verkfæri sem ekki er hægt að vera án þá er það sykurflotvugin. Hún segir þér nákvæmlega hversu langt gerjunin er komin og hversu þurrt eða sætt vínið er. Með aukinni færni á þetta mælitæki verður þú fær um að fá alltaf vínin eins og þú vilt hafa þau.

Hævertslanga (Umfleytingarslanga)

Þessi slanga er notuð til að fleyta ofan af víni þegar fært er milli íláta eða þegar vínið er sett á flöskur.

Vatnslás

Lásinn er hafður í loki gerjunarílátsins og gefur m.a. til kynna hvernig gerjunin gengur með því að hann gefur frá sér hljóð. Hann kemur í veg fyrir að súrefni komist að víninu meðan ílátið er lokað.

Klórósódi IP-5 200gr

Þetta er þvottaduft sem er notað til þrifa og sóttþreinsunar á öllu sem viðkemur víngerð, gerjunarílátum jafnt sem flöskum og mælitækjum. Þessi pakkning dugir fyrir mikil og góð þrif.

Léttvínsmælir

Þessi mælir er einungis fyrir léttvín. Mælir sem þessi er ómissandi vopn í víngerð. Þetta er svokallaður hápípumælir og notaður til að finna áfengisstyrk á fullgerjuðu víni, hann virkar aðeins á sykurlaus vín. Bikar mælisins er fylltur með víni og þumalputtinn notaður til að þrýsta víninu í gegnum pípu. Þegar 1 til 2 dropar hafa komið í gegnum pípu er fingur settur fyrir opið og því haldið lokuðu. Bikarnum er síðan hvolft og horfa skal á hápípuna. Þegar vínið sést greinilega í hápípunni skal sleppa fingrinum og vínið lekur niður og nemur staðar við þá tölu sem gefur styrkinn til kynna. Skola skal síðan mælinn með köldu vatni með því að þrýsta því í gegnum hann. Mælirinn er hápípumælir sem notfærir sér það að áfengi er lét-

tara en vatn, þannig getur of heitt vatn skemmt mælinn.

Hitamælir

Mikilvægt er að fylgjast með að rétt hitastig sé á víninu á gerjunarstigi. Sé það of heitt deyr gerið en sé það of kalt stöðvast gerjunin.

Mæliglas

Mæliglas sem tekur 100 ml. Notað með sykurflotvog og öðrum flotmælum.

Dæla með vínsíu

Þetta er rafmagnsdæla til að hreinsa eða tæra vín sem ekki fellur. Þessa dælu geta viðskiptavinir okkar fengið leigða í 1 sólarhring. Að auki þarf að kaupa nýja síu (filter) fyrir hverja lögun.

Vínflöskur

Varla er hægt að stunda víngerð án þess að setja vínið á flöskur að lokum. Við bjóðum þrjár gerðir, grænar fyrir rauðvín, olivelitaðar fyrir hvítvín og glærar fyrir rósavín, 12 saman í kassa.

Flöskuskolari

Skolarinn er til að festa á þvottavélakrana. Hann auðveldar til muna öll flöskuþrif en hreinlætið verður að vera í fyrirrúmi í allri víngerð.

Flöskubursti

Burstinn er til þrifa á flöskum að innanverðu.

Þurrkstandar fyrir flöskur

Eitt af vandamálunum sem koma upp við flöskuþrif er hvar á setja flöskurnar meðan þær þorna eftir þrifin. Standurinn er lausn.

Korktappar (30stk í poka)

Við bjóðum 4 tegundir af korktöppum. Misbreiða og mislanga. Korktapparnir sem við bjóðum eru gerðir úr sérvöldum korki og sérstaklega meðhöndlaðir til notkunar í víngerð.

Korktappatroðari

Þetta er minni gerðin af tveimur sem við bjóðum. Hentar fyrir grennri gerð af töppum.

Korktappatroðari

Þetta er stærri gerðin af tveimur sem við bjóðum og hentar fyrir allar gerðir af korktöppum. Þennan korktappatroðara geta viðskiptavinir okkar leigt í 1 sólarhring.

Flöskuhettur/Vínmiðar (30stk í poka)

Gott vín er ekki bara fyrir bragðlaukana heldur líka

fyrir augað. Við bjóðum mikið úrval af hettum og miðum.

Lofttæmir fyrir vínflöskur

Tækið er notaður til að koma í veg fyrir að vín skemmist ef ekki er klárað úr flöskunni. Tveir tappar fylgja með.

Dropabani (Drop-Stop)

Hver kannast ekki við rauðvínsdropa á dúknum og rauðan hring undan flöskunni. Það er liðin tíð með Drop-Stop.

Áhöld og efni fyrir aðra víngerð.

Alcotec 24 Turbo ger, tekur 1 dag með 6kg af sykri.

Alcotec 48 Turbo ger, tekur 2 daga með 6kg af sykri & 3-5 daga með 8kg af sykri.

Alcotec 3 Turbo ger, tekur 2-3 daga með 6kg af sykri.

Alcotec 8 Turbo ger, tekur 5 daga með 8kg af sykri.

Gold 200 ger, tekur 2-3 daga með 6-7kg af sykri & 4-5 daga með 7kg af sykri. (Best fyrir 200 lítra)

Coobra 24 ger, tekur 1 dag með 6kg af sykri.


Coobra Pure ger, tekur 3-4 daga með 6kg af sykri. (Coobra 6 betrubætt)

Coobra 6 ger, tekur 2-3 daga með 6kg af sykri.

Coobra 8 ger, tekur 5-10 daga með 8kg af sykri.

Froðueyðir 200ml

Sérstök silikonfleyti sem er skaðlaus mannelldi og notuð í matargerð og matvælaíðnaði. Frábær laus við suðu á fiski eða kjöti. Kemur í veg fyrir froðumyndun við gerjun og eimingu.



Nettímarit

Troðningur

Menning & List



FREE ONLINE

ICELANDIC
ART MAGAZINE